

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Veðréttur og þinglýsingar

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:

Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)

ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%)
Veðréttur og þinglýsingar (40%)

Prófdagur:

7. nóvember 2015

Kl.: 9:00 til 13:00

Próftími alls:

4 klst.

Prófblið 3
vegna þessa
hluta prófsins,
(þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn:

Lög og reglugerðir

Fylgiblið: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Þinglýsingar (15%)

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangsörð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. Ef tvö eða fleiri skjöl eru jafn rétt há þá skal merkja þau bæði (eða öll) með báðum (eða öllum) þeim sætum sem þau eiga. Sem dæmi má nefna að ef tvö skjöl eru bæði rétt hæst þá skal merkja þau bæði með „1-2“. (5%)
 - ___ a. Fjárnám gert í eigninni 19. október 2015, barst til þinglýsingar 20. október sama ár kl. 14:19.
 - ___ b. Fjárnám gert í eigninni 7. september 2015, barst til þinglýsingar 21. október sama ár kl. 13:19.
 - ___ c. Veðskuldabréf, dags. 16. október 2015, barst til þinglýsingar 20. október sama ár kl. 12:27.
 - ___ d. Fjárnám gert í eigninni 21. október 2015, barst til þinglýsingar sama dag kl. 11:46.
2. Gerið grein fyrir ferli þinglýsingar frá því að skjal er móttækið til þinglýsingar og þar til þinglýsingastjóri hefur tekið afstöðu til þess. Gerið jafnframt grein fyrir mismunandi afgreiðslu þinglýsingastjóra á skjölum sem berast til þinglýsingar. (10%)

Veðréttur (25%)

1. Gerið grein fyrir svokallaðri sérgreiningarreglu íslensks veðréttar og mögulegum undantekningum frá henni. (15%)
2. Gerið í stuttu máli grein fyrir muninum á sjálfsvörsluveði annars vegar og handveði hins vegar. Gerið jafnframt grein fyrir því hvernig handveði er aflað réttarverndar. (10%)